



Skólabúðirnar Úlfjótssvatni



Handbók kennara

Skólaárið 2026-2027

www.ulfljotsvatn.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Hlutverk kennara	4
3. Dagskrá skólabúða á Úlfjótsvatni	6
4. Markmið dagskrárinnar	6
5. Tengsl við aðalnámskrá	7
6. Mismunandi heimsóknir í boði	8
7. Yfirlit yfir dagskrárliði	10
8. Hagnýtar upplýsingar	18
9. Matur, ofnæmi og sérþæði	20
10. Hvað á að taka með?	21
11. Ábyrgð og öryggi	22
12. Undirbúningur fyrir komu	23
13. Væntingar til hegðunar	24
14. Lokaorð	24
15. Minnislisti	25

1. Inngangur

Velkomin í skólabúðir á Úlfjótsvatni.

Markmið skólabúðanna er að efla félagsfærni, sjálfstæði og samvinnu nemenda í gegnum upplifun, leik og áskoranir í náttúrulegu umhverfi. Dagskráin er byggð á virkri þátttöku nemenda þar sem nám á sér stað í gegnum reynslu og samskipti.

Áhersla er lögð á að skapa öruggt, jákvætt og uppbyggilegt umhverfi þar sem öll fá tækifæri til að njóta sín.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur!

Starfsfólk og sjálfboðaliðar
Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfjótsvatni



2. Hlutverk kennara

Í Skólabúðunum á Úlfjótsvatni leggjum við áherslu á að kennarar séu virkir þátttakendur í dagskránni, en ekki eingöngu fylgdarfólk. Rannsóknir sýna að virk þátttaka kennara hefur jákvæð áhrif á samskipti, öryggi og upplifun nemenda í skólabúðum.

Við viljum að kennarar fái tækifæri til að upplifa dagskrána með nemendum sínum og kynnast þeim í nýju umhverfi. Virk þátttaka styrkir tengsl innan hópsins og eykur líkurnar á að reynslan skili sér aftur inn í skólastarfið eftir heimkomu. Við hvetjum kennara til að kynna sér dagskrána vel fyrir komu og taka virkan þátt í verkefnum með hópnum sínum.

Þátttaka kennara:

- Eykur öryggi og vellíðan nemenda
- Styrkir tengsl innan hópsins
- Eykur þátttöku og áhuga nemenda
- Gefur kennurum tækifæri til að kynnast nemendum í nýju umhverfi

Ef fleiri en einn kennari eru með hópnum skal miða við að a.m.k. einn kennari sé ávallt viðstaddur þegar hópurinn er í dagskrá, annað hvort sem virkur þátttakandi eða til að fylgjast með.

Starfsfólk skólabúðanna sér fyrst og fremst um framkvæmd dagskrár og hvatningu til þátttöku. Komi upp ágreiningur eða önnur mál innan hópsins er mikilvægt að kennarar geti stigið inn og aðstoðað eftir þörfum.



3. Dagskrá skólabúða á Úlfjótsvatni

Dagskrá skólabúðanna á Úlfjótsvatni er byggð upp með það að markmiði að efla félagsfærni, sjálfstæði, samvinnu og tengingu nemenda við náttúru og samfélag. Í gegnum fjölbreytt verkefni fá nemendur tækifæri til að læra með virkri þátttöku, upplifun og leik.

Áhersla er lögð á heildrænt nám þar sem fléttast saman lífsleikni, hreyfing, náttúrufræði og skapandi hugsun í samræmi við aðalnámskrá grunnskólanna.

Dagskrárbilin eru eftirfarandi:

10.00-12.00 / 13.30-15.30 / 16.30-18.30 / 20.00-21.30

Frjáls tími

Á milli dagskrárlíða er gert ráð fyrir frjálsum tíma þar sem nemendur geta hvílst, átt samveru eða nýtt aðstöðu skólabúðanna undir eftirliti kennara.

Kennarar bera ábyrgð á sínum nemendum í frjálsum tíma nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Ef skólar óska eftir að nýta ákveðin dagskrárbil fyrir eigið starf eða verkefni er mikilvægt að hafa samband við starfsfólk fyrir komu svo hægt sé að skipuleggja það með góðum fyrirvara.

4. Markmið dagskrárinnar

- Að efla sjálfstraust og félagsfærni nemenda
- Að styrkja samvinnu og samskipti innan hóps
- Að auka ábyrgð, sjálfstæði og frumkvæði
- Að dýpka skilning á náttúru og umhverfi
- Að bjóða upp á nám í gegnum leik, reynslu og áskoranir

5. Tengsl við aðalnámskrá

Dagskráin styður sérstaklega við grunnþætti menntunar:

- **Læsi:** Tjáning, samskipti og skilningur í hópstarfi
- **Sjálfbærni:** Umgengni við náttúru og umhverfisvitund
- **Lýðræði og mannréttindi:** Samvinna, virðing og þátttaka
- **Heilbrigði og velferð:** Hreyfing, útivera og andleg vellíðan
- **Sköpun:** Lausnaleit, hugmyndaauðgi og nýsköpun í verkefnum





6. Mismunandi heimsóknir í boði

Dagsferð

Skólaárið 2026-2027: **5.500 kr.** á mann

09.30	Koma
09.45	Hópeflisleikir
10.30	Bogfimi (A), Klifur (B)
12.00	Pylsupartý
13.00	Klifur (A), Bogfimi (B)
14.30	Heimferð

Dagsferð í skólabúðir er tilvalin fyrir yngri bekki grunnskóla, og fyrir hópa sem einhverra hluta vegna geta ekki gist á staðnum.

2 daga ferð

Skólaárið 2026-2027: **27.600 kr.** á mann

09.00		Morgunmatur
10.00	Koma	Hópefli
11.00	Jökulleikar	
12.00	Hádegismatur	Hádegismatur
12.30	Frjálst	Heimferð
13.30	Klifur / bogfimi	
15.30	Kaka	
16.30	Skógarganga	
18.30	Kvöldmatur	
19.00	Frjálst	
20.00	Útiöldun	
21.30	Kvöldkaffi	

3 daga ferð (mæting 10.00)

Skólaárið 2026-2027: **32.800 kr.** á mann

09.00		Morgunmatur	Morgunmatur
10.00	Koma	Skógarganga	Capture the Flag
11.00	Jökulleikar		
12.00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12.30	Frjálst	Heimferð	
13.30	Orkusýning		
15.30	Kaka		
16.30	Hópefli	Úllaleikar	
18.30	Kvöldmatur	Kvöldmatur	
19.00	Frjálst	Frjálst	
20.00	Útiöldun	Escape Room	
21.30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	

3 daga ferð (mæting 16.00 á miðvikudegi)

2026-2027: **30.200 kr.** á mann

09.00		Morgunmatur	Morgunmatur
10.00		Klifur / bogfimi	Orkusýning
12.00		Hádegismatur	Hádegismatur
12.30		Frjálst	Heimferð
13.30		Skógarganga	
15.30	16.00: Koma	Kaka	
16.30	Jökulleikar	Úllaleikar	
18.30	Kvöldmatur	Kvöldmatur	
19.00	Frjálst	Frjálst	
20.00	Capture the Flag	Útiöldun	
21.30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	

4 daga ferð

Skólaárið 2026-2027: **38.800 kr.** á mann

09.00		Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
10.00	Koma	Klifur / bogfimi	Útiöldun / brjóstsykursgerð	Orkusýning
11.00	Jökulleikar			
12.00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12.30	Frjálst	Frjálst	Frjálst	Heimferð
13.30	Hópefli	Ganga að krossi	Útiöld / brjóstsykur	
15.30	Kaka	Kaka	Kaka	
16.30	Skógarganga	Úllaleikar	Undirb. f. kvöldvöku	
18.30	Kvöldmatur	Kvöldmatur	Kvöldmatur	
19.00	Frjálst	Frjálst	Frjálst	
20.00	Capture the Flag	Tískusýning	Kvöldvaka	
21.30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	

5 daga ferð

Skólaárið 2026-2027: **44.700 kr.** á mann

09.00		Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
10.00	Koma	Útiöldun / brjóstsykursg.	Ganga	Orkusýning	Endurmat
11.00	Markmiðasetning				
12.00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12.30	Frjálst	Frjálst	Heimferð		
13.30	Hópefli	Útiöld / brjóstsyk			
15.30	Kaka	Kaka	Kaka		
16.30	Skógarganga	Ganga að krossi	Listasmiðja	Undirb. f. kvöld	
18.30	Kvöldmatur	Kvöldmatur	Kvöldmatur	Kvöldmatur	
19.00	Frjálst	Frjálst	Frjálst	Frjálst	
20.00	Capture the Flag	Escape Room	Tískusýning	Kvöldvaka	
21.30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	

7. Yfirlit yfir dagskrárliði

Jökulleikar

Í upphafi dvalarinnar fara nemendur í fjölbreytta leiki sem hjálpa hópnum að kynnst og skapa jákvætt andrúmsloft. Leikirnir eru léttir og skemmtilegir og miða að því að brjóta niður feimni og óryggi sem getur fylgt því að vera í nýju umhverfi eða með nemendum sem maður þekkir minna.

Jökulleikarnir hjálpa nemendum ekki aðeins að tengjast hvert öðru heldur einnig að mynda tengingu við staðinn og starfsfólkið á Úlfljótuvatni. Það skapar aukið öryggi og stuðlar að því að nemendur upplifi sig velkomna og örugga strax frá upphafi dvalarinnar.

Markmiðið er að:

- Skapa traust og öryggi innan hópsins
- Auðvelda samskipti milli nemenda og starfsfólks
- Hjálpa nemendum að kynnst umhverfinu
- Undirbúa hópinn fyrir áframhaldandi samvinnu í dagskránni

Í þessum leikjum þjálfar nemendur:

- Samskipti
- Félagfærni
- Samvinnu
- Sjálfstraust

Hópeflisleikir

Hópeflisleikir eru stór hluti af dagskránni. Verkefnið reyna á samvinnu, samskipti og lausnaleit þar sem hópurinn þarf að vinna saman að sameiginlegu markmiði.

Nemendur læra að:

- Hlusta hvert á annað
- Deila hugmyndum
- Taka tillit til annarra
- Finna lausnir saman

Markmiðið er ekki fyrst og fremst að „vinna“ heldur að upplifa hvernig góður hópur vinnur saman og hvernig öll geta lagt sitt af mörkum á ólíkan hátt.

Verkefnið styrkja:

- Bekkjaranda
- Traust innan hópsins
- Ábyrgð einstaklinga gagnvart hópnum

Skógarganga

Í skógargöngunni fá nemendur tækifæri til að upplifa náttúruna á virkan og skapandi hátt. Nemendur vinna saman að því að byggja skýli úr náttúrulegum efniviði sem þeir finna í umhverfinu.

Verkefnið krefst:

- Samvinnu
- Skipulagningar
- Sköpunar
- Lausnaleitar

Nemendur þurfa að ræða saman, skipta með sér hlutverkum og finna sameiginlegar lausnir. Verkefnið eykur einnig skilning þeirra á mikilvægi náttúrunnar og hvernig hægt er að nýta auðlindir af virðingu og ábyrgð.

Skógargangan gefur jafnframt tækifæri til rólegri upplifunar þar sem nemendur fá að njóta útiveru og tengjast umhverfinu á annan hátt en þeir eru vanir í daglegu lífi.

Heimsókn á orkusýningu

Nemendur heimsækja Ljósafossvirkjun þar sem þeir fræðast um raforkuframleiðslu og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Í heimsókninni kynnst nemendur meðal annars:

- Hvernig raforka er framleidd
- Hvernig vatnsafl virkar
- Mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa
- Áhrifum orkunýtingar á samfélag og náttúru

Heimsóknin tengist vel náttúrufræði og sjálfbærni og hjálpar nemendum að tengja fræðilega þekkingu við raunverulegt samfélag og umhverfi.





Klifur og bogfimi

Klifur og bogfimi gefa nemendum tækifæri til að takast á við nýjar áskoranir og vinna með sjálfstraust sitt og einbeitingu.

Í klifrinu þurfa nemendur að:

- *Treysta eigin getu*
- *Takast á við óöryggi*
- *Sýna þrautseigju*

Bogfimi krefst:

- *Einbeitingar*
- *Sjálfsstjórnar*
- *Líkamsbeitingar*

Verkefni eru unnin í öruggu umhverfi undir leiðsögn starfsfólks og leggja áherslu á að hvert og eitt fái að vinna á sínum forsendum.

Capture the Flag

Capture the Flag er kraftmikill hópleikur sem sameinar hreyfingu, samvinnu og stefnumótun. Nemendur vinna saman í liðum þar sem markmiðið er að leysa verkefni og ná sameiginlegum árangri.

Leikurinn reynir á:

- *Liðsheild*
- *Samskipti*
- *Skipulag*
- *Hraða ákvarðanatöku*

Áhersla er lögð á jákvæða keppni, virðingu og að allir hafi hlutverk innan hópsins.

Escape Room

Escape Room verkefnið er þrautamiðað hópverkefni þar sem nemendur þurfa að vinna saman að því að leysa verkefni og komast áfram í leiknum.

Verkefnið krefst:

- *Gagnrýninnar hugsunar*
- *Skapandi lausnaleitar*
- *Samskipta*
- *Polinmæði*

Nemendur upplifa mikilvægi þess að hlusta á hugmyndir annarra og vinna saman að sameiginlegri lausn. Verkefnið styrkir einnig sjálfstraust og trú á eigin getu þegar hópurinn nær árangri saman.



Útiöldun

Í útiöldun fá nemendur tækifæri til að læra grunnatriði í útmatargerð og eldsnotkun í öruggu umhverfi undir leiðsögn starfsfólks. Nemendur læra að kveikja eld, vinna saman í kringum eldsvæði og undirbúa einfaldan mat utandyra.

Nemendur poppa yfir eldi og baka kanilsnúða yfir glóðum, sem skapar bæði skemmtilega upplifun og tækifæri til að læra í gegnum verklega þátttöku.

Verkefnið leggur áherslu á:

- *Samvinnu*
- *Ábyrgð*
- *Öryggi við eld*
- *Sjálfstæði*
- *Polinmæði og verklag*

Útiöldun gefur nemendum einnig tækifæri til að hægja á sér, njóta samveru og upplifa náttúruna á notalegan hátt. Sameiginleg upplifun í kringum eldinn styrkir oft hópinn og skapar góðar minningar úr dvölinni.



Ratleikur (Amazing Race)

Í ratleiknum vinna nemendur í hópum að því að leysa þrautir og fylgja vísbendingum um svæðið. Verkefnið reynir á rökhugsun, samvinnu og skipulag.

Nemendur þurfa að:

- Lesa í aðstæður
- Skipuleggja sig
- Vinna saman undir tímaþrýstingi
- Nýta styrkleika hópsins

Ratleikurinn sameinar hreyfingu, lausnaleit og leikgleði.

Brjóstsykursgerð

Í brjóstsykursgerð fá nemendur tækifæri til að taka þátt í verklegu verkefni þar sem þau búa til sitt eigið sælgæti frá grunni.

Nemendur læra um:

- Eldun og hitun sykurs
- Samvinnu og verklag
- Mikilvægi þolinmæði og nákvæmni

Verkefnið er bæði fræðandi og skemmtilegt og gefur nemendum tækifæri til að vinna saman að sameiginlegu markmiði. Brjóstsykursgerðin skapar oft notalega stemningu þar sem nemendur upplifa ánægju af því að búa eitthvað til sjálf og njóta afrakstursins saman.

Kvöldvaka

Kvöldvakan er sameiginleg samverustund þar sem nemendur fá tækifæri til að sýna skemmtatriði fyrir hópinn. Atriðin geta verið fjölbreytt, til dæmis söngur, dans, leikþættir, leikir eða annað skapandi efni sem nemendur undirbúa saman.

Kvöldvakan leggur áherslu á:

- Sköpun og sjálfstjórningu
- Samvinnu og hópanda
- Sjálfstraust og framkomu
- Jákvæða og skemmtilega samveru

Markmiðið er að skapa notalega stemningu þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta saman, styðja hvert annað og ljúka deginum á jákvæðum nótum.

Tískusýning

Í tískusýningunni vinna nemendur saman í hópum að því að skapa skemmtileg og skapandi „look“ fyrir hvert annað. Nemendur farða, klæða upp og undirbúa aðra nemendur sem taka síðan þátt í tískusýningu fyrir hópinn.

Verkefnið leggur áherslu á:

- Sköpun og hugmyndaflug
- Samvinnu og skipulag
- Sjálfstraust og framkomu
- Jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft

Tískusýningin gefur nemendum tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt og vinna saman að sameiginlegu verkefni í léttu og skemmtilegu umhverfi.



Markmiðasetning

Í upphafi 5 daga dvalarinnar taka nemendur þátt í markmiðasetningu þar sem þau fá tækifæri til að velta fyrir sér hverju þau vilja ná út úr ferðinni, bæði sem einstaklingar og sem hluti af hóp.

Markmiðasetningin hjálpar nemendum að:

- Hugsa um eigin þátttöku og ábyrgð
- Skoða hvernig þau vilja leggja sitt af mörkum í hópnum
- Setja sér raunhæf og jákvæð markmið
- Undirbúa sig fyrir samvinnu og áskoranir

Verkefnið styður við sjálfskoðun, sjálfstæði og jákvæð samskipti innan hópsins.



Endurmat

Í lok 5 daga dvalarinnar fara nemendur í sameiginlegt endurmat þar sem þau fá tækifæri til að líta til baka á upplifun sína og meta hvað þau lærðu og upplifðu í skólabúðunum.

Í endurmatinu ræða nemendur meðal annars:

- Hvað gekk vel
- Hvað þau lærðu um sjálf sig og hópinn
- Hvernig þeim tókst að vinna að markmiðunum sínum
- Hvaða upplifun stóð upp úr

Markmiðið er að hjálpa nemendum að vinna úr reynslunni og sjá hvernig hægt er að nýta það sem þau lærðu áfram í skólastarfi og daglegu lífi.



Ganga að krossi

Nemendur fara í léttu göngu í gegnum skóginn upp að krossinum á Úlfljótsvatni þar sem er fallett útsýni yfir svæðið og nágrenni þess.

Gangan gefur nemendum tækifæri til að:

- Njóta útiveru og náttúru
- Upplifa umhverfið á rólegan hátt
- Styrkja samveru og hópanda
- Kynnast svæðinu í kringum Úlfljótsvatn

Áhersla er lögð á jákvæða upplifun, hreyfingu og að nemendur fái tíma til að njóta umhverfisins og samverunnar.

Ganga

Ganga er lengri dagskrárliður sem tekur um sex klukkustundir. Nemendur byrja á því að útbúa nesti fyrir daginn áður en haldið er af stað í göngu um svæðið í kringum Úlfljótsvatn.

Á göngunni fá nemendur tækifæri til að:

- Vera í langri og samfelldri útivist
- Efla þol og þrautseigju
- Njóta náttúrunnar og umhverfisins
- Styrkja samvinnu og samveru innan hópsins
- Taka ábyrgð á eigin undirbúningi og búnaði

Áhersla er lögð á jákvæða útivistarupplifun þar sem nemendur vinna saman, hvetja hvert annað áfram og njóta dagsins í náttúrunni.

Nestisgerð er hluti af verkefninu og gefur nemendum tækifæri til að undirbúa sig fyrir ferðina og taka þátt í sameiginlegu skipulagi.



8. Hagnýtar upplýsingar

Koma og brottför

- Mæting er kl 10.00 og brottför á milli 12:30-13:30
- Nema í styttri 3 daga búðum, þá er mæting kl. 16.00

Gisting

JB skáli:

- Á efri hæð eru átta fjögurra manna herbergi
- Eitt til tvö herbergjanna er ætlað kennurum
- Á efri hæð er einnig setustofa, þrjú kynhlutlaus salerni og tvær kynhlutlausar sturtur
- Kennarar geta merkt eitt salernið sem kennarasalerni

Neðri hæð er með:

- Matsal
- Salernum
- Snögum fyrir yfirhafnir
- Skóhillum

DSÚ skáli:


- Fjögur átta manna herbergjum
- Eitt tveggja manna kennaraherbergi

Nemendur koma með sæng/svefnpoka og kodka.
Kennarar fá sæng og kodka á staðnum.
Kennarar og nemendur fá lök á staðnum.

Önnur aðstaða

- Í JB skála er setustofa/salur fyrir hópinn
- Hægt er að óska eftir afnotum af matsal í frítíma
- Kennarar hafa aðgang að starfsmannaaðstöðu í Norðursal


DSÚ skáli (34 rúm)



JB skáli (32 rúm)



Myndir úr skálanum



9. Matur, ofnæmi og sérfæði

Allur matur er innifalinn og ekki er ætlast til að nemendur taki með sér nesti að heiman.

Mikil áhersla er lögð á góðan og næringarríkan mat og almennt er mikil ánægja með matinn á Úlfjótsvatni.

Tekið er tillit til ofnæmis og sérfæðis. Mikilvægt er að upplýsingar um slíkt berist sem fyrst og eigi síðar en viku fyrir komu.



10. Hvað á að taka með:

Mikilvægt er að nemendur séu vel útbúnir fyrir útivist þar sem stór hluti dagskrár fer fram utandyra, óháð veðri. Regnþolinn fatnaður og skór eru því forsenda þess að nemendum líði vel utandyra ef rignir.

Fatnaður:

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Hlý útiföt (vatns- og vindheld) | <input type="checkbox"/> Hlý peysa / millilag |
| <input type="checkbox"/> Góðir skór fyrir útivist (helst vatnsheldir) | <input type="checkbox"/> Regnföt |
| <input type="checkbox"/> Aukaskór / inniskór | <input type="checkbox"/> Nóg af skiptifatnaði |
| <input type="checkbox"/> Nærföt og sokkar | <input type="checkbox"/> Svefnfatnaður |

Svefn og hreinlæti:

- | | |
|---|------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Svefnpoki/sæng og koddur | <input type="checkbox"/> Handklæði |
| <input type="checkbox"/> Snyrtivörur eftir þörfum (t.d. sjampó) | |
| <input type="checkbox"/> Tannbursti og tannkrem | |

Annað sem gott er að hafa:

- | | |
|--|-------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Vettlingar og húfa | <input type="checkbox"/> Vatnsbrúsi |
| <input type="checkbox"/> Hárteygjur / sólgleraugu (eftir þörfum) | |

Mikilvægar ábendingar

- Merkja þarf allan fatnað og eigur nemenda
- Ekki taka með verðmæti
- Símanotkun er samkvæmt reglum skólans
- Mikilvægt er að nemendur séu undirbúnir fyrir útiveru í öllum veðrum



11. Ábyrgð og öryggi

- Starfsfólk Úlfjótsvatns sér um skipulag og framkvæmd dagskrár
- Kennarar bera ábyrgð á sínum nemendum utan skipulagðra dagskrárliða
- Allar öryggisreglur eru kynntar við komu
- Allt starfsfólk er þjálfað í skyndihjálpi. Í starfsliðinu er meðal annars leiðbeinandi í skyndihjálpi og reynt björgunarsveitarfólk.
- Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni fylgir siðareglum og viðbragðsáætlunum Æskulýðsvettvangsins.
- Kennarar geta óskað upplýsinga um áhættugreiningar og önnur öryggismál.
- Nemendur eru alfarið á ábyrgð skólans á meðan á dvöl stendur

Hlutverk starfsfólks og kennara

- Starfsfólk skólabúða sér um dagskrá og miðlun upplýsinga
- Kennarar sjá um að nemendur mæti stundvíslega í dagskrá og matartíma og séu rétt útbúnir
- Kennarar hafa eftirlit með líðan nemenda



Viðbrögð við atvikum:

- Starfsfólk og kennarar vinna saman að úrlausn mála ef upp koma atvik.
- Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni vinnur með Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs að úrvinnslu alvarlegra atvika.

12. Undirbúningur fyrir komu

Við mælum með að kennarar:

- Ræði við nemendur um væntingar og reglur
- Undirbúi nemendur fyrir samvinnu og þátttöku
- Safni upplýsingum um sérþarfir og sendi á ulfjotsvatn@skatarnir.is
- Séu búin að raða í herbergi
- Séu búin að skipta hópnum í fjóra minni hópa. Gulur, rauður, grænn og blár.



13. Væntingar til hegðunar

Við leggjum áherslu á:

- Virðingu í samskiptum
- Jákvæða og virka þátttöku
- Ábyrgð á eigin hegðun
- Að öll fái að njóta sín

14. Lokaorð

Við hlökkum til að taka á móti ykkur á Úlfjótsvatni og skapa saman jákvæða, skemmtilega og lærdómsríka upplifun fyrir nemendur og kennara.

Með góðu samstarfi starfsfólks og kennara skapast sterkur grunnur fyrir öryggi, vellíðan og árangursríka dvöl í skólabúðunum.

15. Minnislisti

Það sem þarf að muna í undirbúningnum fyrir ferðina:

- Fara yfir útbúnaðarlistann með nemendum. Leggja áherslu á að útiföt eru nauðsynleg, ekki val.
- Vera búin að ákveða hvernig nemendum og starfsfólki verður skipt í herbergi áður en lagt er af stað.
- Staðfesta fjölda nemenda og fullorðina við starfsfólk skólabúða, a.m.k. viku fyrir komu.
- Láta starfsfólk skólabúða vita a.m.k. viku fyrir komu ef huga þarf sérstaklega að t.d. aðgengismálum eða öðru sem kallar á aðlögun dagskrár.
- Hugsa sérstaklega að nemendum sem vitað er að haldnir eru óþoli, ofnæmi eða öðrum kvillum, taka lyf reglulega eða þurfa sérstakt mataræði, t.d. vegna sykursýki eða ofnæmis. Tilkynna starfsfólki skólabúða um ofnæmi og óþol a.m.k. viku fyrir komu.
- Ákveða hvort þú vilt leyfa nemendum að hafa síma meðferðis, og þá hvaða reglur gilda um notkun þeirra.

- _____
- _____
- _____
- _____
- _____
- _____



Útlífsmiðstöð Skáta
ÚTLÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA

